



# Umsóknareyðublað 2024

## Stuðningur til söfnunar ullar, III.KAFLI ullarnýting samkvæmt reglugerð nr. 144/2022 um stuðning við sauðfjárrækt.

### 1. Grunnupplýsingar

Nafn: \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_

Heimilsfang: \_\_\_\_\_ Póstnr. : \_\_\_\_\_

Sími: \_\_\_\_\_ Farsími: \_\_\_\_\_ Netfang: \_\_\_\_\_

Leggist inn á: Bnr. \_\_\_\_\_ Hb. \_\_\_\_\_ Rnr. \_\_\_\_\_

### 2. Almenn skilyrði

Skilyrði fyrir greiðslu fjármuna til bænda er að móttækin ull verði flokkuð og metin í skilgreinda gæðaflokka. Hvernig hyggst umsækjandi flokka og meta ull?

### 3. Sérstök skilyrði

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar um ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar, er stuðningur til söfnunar ullar háður því að umsækjandi uppfylli eftirtalin skilyrði. Hvernig hyggst umsækjandi uppfylla skilyrðin?

1. Aðili skal vera reiðubúinn að taka við allri vinnsluhæfri ull af öllum framleiðendum sem þess óska.

2. Aðili þarf að sækja ull heim til bænda eða taka á móti ullinni á móttökustöð sem ekki er lengra frá hverjum einstökum seljanda ullar en 100 km.

3. 30% allrar ullar sem aðili móttækur skal þvegin hér á landi og jafnframt unnið úr þessari sömu ull band, lopi eða samsvarandi vara héraðs.

### 4. Önnur skilyrði

Ullarkaupendur sem þiggja stuðning til söfnunar ullar skulu skila Matvælaráðuneytinu upplýsingum um móttækna ull fyrir 5. hvers mánaðar. Upplýsingar skulu veittar um magn, flokka og þvott sundurliðaðar niður á hvern seljanda. Upplýsingarnar má veita með sendingu afreikninga eða sölunótna en ef upplýsingar eru sendar á rafrænu formi er ekki skylt að afreikningar eða sölunótur fylgi, aðeins að þessi gögn séu til staðar og aðgengileg verði eftir þeim leitað. Þá skulu þeir skila Matvælaráðuneytinu ársskýrslu um ullarnýtingu fyrir 1. febrúar ár hvert, þ.mt. um þau atriði sem talin eru upp í reglugerð nr. 144/2022, III kafli ullarnýting.

Matvælaráðuneytið skal gera samning við ullarkaupendur sem hljóta stuðning til söfnunar ullar.

Í slíkum samningi skal ullarkaupandi skuldbinda sig til þess að uppfylla þau skilyrði sem fram koma í reglugerð nr. 144/2022, III kafli ullarnýting.

### 5. Undirritun

Staður og dags: \_\_\_\_\_ Undirskrift: \_\_\_\_\_

Umsóknarfrestur er til 24. október 2024

Heimilt er að gera grein fyrir svörum við spurningum 2. og 3. með sérstakri greinargerð sem skal þá fylgja þessu eyðublaði.

Umsókninni ber að skila til:

Matvælaráðuneytið (merkt: Stuðningur til söfnunar ullar)

Borgartún 26, 105 Reykjavík

Matvælaráðuneytið.